

## Tillaga

**Viðtakandi:** Bæjarráð

**Efni:** Tillaga til bæjarráðs

**Dags:** 14. apríl 2023

**Málsnúmer:** 202301430

**Sendandi:** Arnar Jónsson, forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar

### Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki framlagða tillögu að gjaldskrá fyrir afnot af Hlégarði.

### Greinargerð:

Á fundi bæjarráðs þann 26. janúar var forstöðumanni þjónustu- og samskiptadeildar falið að undirbúa gerð gjaldskrár fyrir afnot af Hlégarði.

Við móttöku gjaldskrár Hlégarðs voru hafðar til hliðsjónar gjaldskrár félagsheimila í umsjón sveitarfélaga, salir í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, salir í Mosfellsbæ og næsta nágrenni bæjarins.

Leitast er við að hafa leiguverð í samræmi við það sem gerist í leigu á sölum af svipaðri stærð á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt er miðað við að leiguverði sé stillt í hóf en þó þannig að það verði ekki til þess að raska samkeppnisstöðu á markaði. Gjaldtakan mun standa undir þrifum, starfsmanni viðburða sem ekki eru á vegum Mosfellsbæjar, hluta almenns rekstrarkostnaðar og endurnýjun búnaðar.

Loks er miðað við að þessi gjaldskrá fyrir afnot af Hlégarði verði endurskoðuð við undirbúning fjárhagsáætlunar vegna ársins 2024 í ljósi þeirrar reynslu sem þá mun liggja fyrir.

Virðingarfyllt,  
Arnar Jónsson,

Forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar